

Þjónustusamningur um verkefni á sviði framhaldsfræðslu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneytið, og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf., kt. 430403-3110, í samningi þessum nefnd FA, gera með sér svofelldan þjónustusamning um verkefni á sviði framhaldsfræðslu, á grundvelli heimildar í 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

1. Lagaheimildir og forsendur samningsins

- 1.1. Um samninginn gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðar nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs, nema ríkari kröfur séu gerðar í lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.
- 1.2. FA starfar skv. samþykktum dags. 6. maí 2010 og í samræmi við lög nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu og reglugerð nr. 1163/2011 um framhaldsfræðslu.
- 1.3. FA skal við framkvæmd samningsins starfa í samræmi við lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem eiga við um starfsemi hennar. Þar á meðal geta verið lög og reglugerðir um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins, eftir því er við á.

2. Verkefni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. tekur að sér að annast eftirfarandi verkefni skv. samningi þessum:

- 2.1. Annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fara skal með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Fjármál og starfsemi Fræðslusjóðs skulu skýrt aðgreind frá starfsemi FA.
- 2.2. Afla upplýsinga um markhópin, sbr. a–e-liði 2. gr. og a-lið 3. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu og menntunarþarfir hans. Skilgreina menntunarþarfir markhópsins m.a. með hæfnigreiningum í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum.
- 2.3. Semja námskrár og námslýsingar og vinna með fræðsluaðilum og atvinnulífi að þróun þeirra, sbr. 6. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.
- 2.4. Þróa aðferðir í framhaldsfræðslu í samvinnu við fræðsluaðila og miðla innlendum sem erlendum nýjungum um framhaldsfræðslu til fagfólks.
- 2.5. Tryggja gæði og þróun raunfærnimats og fylgjast með framkvæmd þess. Veita starfandi fagfólki þjálfun og leiðbeina um úrlausn álitamála.
- 2.6. Safna, varðveita og miðla upplýsingum í samstarfi við Menntamálastofnun og Hagstofu, sbr. 13. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.
- 2.7. Hafa umsjón með gæðum og þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir markhópin í samstarfi við fræðsluaðila og sérfræðinga hér á landi sem og erlendis og miðla þekkingu á því sviði til fagfólks.
- 2.8. Stuðla að auknum gæðum fræðslustarfs, raunfærnimats og ráðgjafar hjá viðurkenndum fræðsluaðilum með þróun gæðaviðmiða í samráði við Menntamálastofnun.

500
125

- 2.9. Þróa og viðhalda nemendabókhaldi í samstarfi við fræðsluaðila og Menntamála- stofnun, þar sem taka skal mið af mati á fyrra námi og raunfærni, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.
- 2.10. Miðla upplýsingum um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu, bæði hér á landi og erlendis, í þeim tilgangi að auka þekkingu og efla skilning á málaflokknum.
- 2.11. Undirbúa aðkomu nýrra hópa, s.s. innflytjenda, fatlaðra og hælisleitenda, að framhaldsfræðslu og nýta samlegðaráhrif í starfi FA.

3. Umfang og áherslur

- 3.1. Fjárveitingar til verkefna samkvæmt samningi þessum eru ákveðnar í fjárlögum hvers árs, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu. Mennta- og menningarmálaráðuneyti annast öll samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti og Alþingi. Í frumvarpi til fjárlaga 2016 er áætlað að framlag til FA vegna samnings þessa nemi 131,7 m.kr. Fjárhæðir í samningnum eru bæði með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og um að stjórnvöld kunna að ákveða breytingar á fjárhæðum við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.
- 3.2. FA skal fyrir 15. október ár hvert leggja drög að starfs- og rekstraráætlun sinni fyrir næsta almanaksár fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti til afgreiðslu, nema ráðuneytið ákveði annan skiladag. Í henni skal fjalla um áherslur og afmarka umfang verkefna skv. 2. grein.
- 3.3. Verði fjárveiting til samningsins í fjárlögum önnur en samkvæmt tillögu ráðuneytisins skal FA leggja fram endurskoðaða áætlun fyrir lok janúar á fjárlagaárinu.

4. Samskipti og eftirlit

- 4.1. Mennta- og menningarmálaráðuneyti annast eftirlit vegna þessa þjónustu- samnings. Fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis hafa heimild til að fylgjast með og gera úttektir á allri framkvæmd og starfsemi FA. Í því sambandi hafa þeir aðgang að skv. stjórnarsýslulögum öllum gögnum hjá FA sem máli skipta vegna samnings þessa, þar á meðal fylgiskjölum, skýrslum og bréfum. Þjónustusamningurinn og umsamin verkefni eru háð eftirliti Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög nr. 86/1997.
- 4.2. Haldnir skulu reglulegir samráðsfundir aðila einu sinni á ári sem mennta- og menningarmálaráðuneyti boðar til þar sem farið er skipulega yfir starfsemi og áætlanir FA.
- 4.3. FA skal fyrir 20. apríl ár hvert senda mennta- og menningarmálaráðuneyti ársskýrslu þar sem grein er gerð fyrir framgangi verkefna sem FA hefur unnið samkvæmt samningi þessum, svo og framgangi annarra verkefna sem samningsaðilar hafa samið um. Jafnframt skal fylgja endurskoðaður ársreikningur fyrra árs, áritaður af löggiltum endurskoðanda. Ársreikning og ársskýrslu skal senda til Ríkisendurskoðunar og Fjársýslu ríkisins.
- 4.4. Mennta- og menningarmálaráðuneyti mun, að höfðu samráði við FA, láta gera heildarúttekt á starfsemi miðstöðvarinnar eigi síðar en fyrir árslok 2020 til að meta hvernig til hafi tekist á samningstímanum. Sú úttekt skal liggja fyrir áður en þjónustusamningurinn er endurnýjaður eða framlengdur. Á grundvelli þeirrar úttektar skal tekin ákvörðun um framhald rekstrarverkefnisins, sbr. 17. gr. reglugerðar um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs, nr. 343/2006.

SBB
IKK

4.5. Samning þennan, ársreikning og ársskýrslu skal birta á vef Fræðslumiðstöðvarinnar jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir.

5. Fjárhagsleg atriði

- 5.1. FA er heimilt að taka að sér verkefni á sviði framhaldsfræðslu á kostnað aðila í atvinnulífinu, enda bitni verkefnin ekki á framkvæmd þessa samnings. FA skal í fjárhagsbókhaldi sínu halda gjöldum og tekjum vegna slíkra verkefna aðgreindum frá rekstri verkefna samkvæmt samningi þessum.
- 5.2. Árlegt framlag samkvæmt samningi þessum greiðist mánaðarlega með jöfnum greiðslum inn á bankareikning FA. Halda skal aðgreindu á sér reikningi framlagi Fræðslusjóðs og bókhaldi Fræðslusjóðs haldið aðgreindu frá rekstri FA.

6. Ábyrgð FA

- 6.1. FA ber fulla ábyrgð á framkvæmd verkefna skv. þjónustusamningi þessum en er heimilt að kaupa þjónustu verktaka vegna einstakra verkefna. FA ber alla ábyrgð á verkefnunum og skal ekki gera minni kröfur til undirverktaka en gerðar eru til FA skv. samningi þessum.
- 6.2. FA er óheimilt að efna til fjárhagslegra skuldbindinga sem geta haft áhrif á möguleika FA til að efna samninginn, svo sem að taka önnur lán en eru nauðsynleg vegna daglegs reksturs, framselja samninginn til annarra eða veðsetja hann.
- 6.3. FA er óheimilt að ráðstafa fjárveitingum til samningsins í annað en það sem ráðuneytið fellst á samkvæmt markmiðum í 2. gr.
- 6.4. FA ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits, sem felur í sér reglubundnar ráðstafanir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggis fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

7. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 7.1. FA er skylt að tilkynna ráðuneytinu skriflega ef hún telur vafa leika á um að hún geti uppfyllt forsendur samningsins sbr. 2. gr. eða aðrar þær skyldur sem samningur þessi kveður á um. Jafnframt skal FA senda ráðuneytinu upplýsingar um til hvaða úrræða hún hyggst grípa.
- 7.2. Komi í ljós að annar hvor samningsaðila efni ekki skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum er hinum aðilanum heimilt að krefjast úrbóta og setja hæfilega tímafresti. Skal það gert skriflega.
- 7.3. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr eða stöðva greiðslur til FA bæti hún ekki úr vanefndum innan tímafrests.
- 7.4. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 7.5. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. Gildistími og lok samnings

- 8.1. Þjónustusamningur þessi gildir frá 1. janúar 2016 til ársloka 2021.
- 8.2. Samningsaðilar, annar eða báðir, geta óskað eftir endurskoðun eða uppsögn samningsins áður en samningstímabil hans er útrunnið, enda hafi risið ágreiningur um framkvæmd samningsins milli aðila vegna meintra vanefnda eða brota á honum og ekki tekist að leysa hann, sbr. ákvæði 6. gr. Samningaviðræður skulu hefjast í síðasta lagi einum mánuði eftir að óskín hefur formlega verið sett fram. Óski annar hvor aðila



eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega. Uppsögn skal tilkynna formlega með níu mánaða fyrirvara.

- 8.3. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því á gildistímanum að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 8.4. FA ber að tilkynna ráðuneytinu án dráttar ef til breytinga kemur á eignarhaldi fyrirtækisins og er ráðuneytinu þá heimilt að segja upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara. Á sama hátt skal tilkynna ráðuneytinu um breytingar á yfirstjórn FA.
- 8.5. Samningsaðilar tilkynna hvor öðrum hálfu ári áður en samningurinn rennur út hvort þeir óski eftir áframhaldandi samningssambandi um verkefni samningsins eða önnur verkefni á sviði framhaldsfræðslulaga.
- 8.6. Af samningi þessum eru gerð þrjú eintök. Hvor samningsaðili heldur sínu eintaki og fjármála- og efnahagsráðuneytið einu.
- 8.7. Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra.

Reykjavík 14.12.2015

Staður og dagsetning


mennta- og menningarmálaráðherra


fjármála- og efnahagsráðherra


framkvæmdastjóri FA


formaður stjórnar FA

Samningur staðfestur skv. 1. m.gr. 30. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997